

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.11.2017
Málalýkill	14.43
Mál nr.	1711257

Garðabæ 23. nóvember 2017

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Vegna frárénnslismála í Lambhaga 17

Erindi:

Að höfðu samráði við bæjarverkfræðing Eystein Haraldsson óskum við eftir því að bæjarráð Garðabæjar taki afstöðu til þess hvort sveitarfélagið sé tilbúið að koma að brýnum úrbótum á frárénnslismálum frá húsi okkar í Lambhaga 17, 225 Garðabæ þannig að frágangur verði viðunandi sem fyrst.

Tilefni:

Fyrirkomulag á frárénnsl skólps frá íbúðarhúsum við Lambhaga á Álftanesi ber þess merki hvernig almennt var staðið að slíkum málum í Bessastaðarhreppi þegar húsin voru byggð á öndverðum áttunda áratug 20 aldar. Hús okkar, Lambhagi 17, stendur sunnan Skógtjarnar og liggja lóðarmörk að sjó við Skógtjörn. Þegar húsið var byggt var búið þannig um hnúta að frárénnsl frá húsinu var látið renna í þró sem staðsett er í fjörunni austan við húsið og af henni er vökvayfirfall sem liggur út í sjó. Þróin hefur svo verið tæmd reglulega.

Við hjónin fluttum í húsið 2010 og þekkjum ekki langa sögu hugmynda um endurbætur í frárénnslismálum á Álftanesi í smáatriðum. Við höfum fengið þær upplýsingar hjá bæjarverkfræðingi að unnið sé að áætlun um úrbætur en að ekki sé líklegt að framkvæmdir sem miða að heildarlausn málsins hefjist fyrr en að talsverðum tíma liðnum.

Nú er staða mála hins vegar sú hjá okkur að þró sú sem nú tekur við frárénnsl af húsi okkar er komin til ára sinna og þjónar engan veginn hlutverki sínu. Bæði uppfyllir hún engan vegin þær kröfur sem nú á dögum eru gerðar til frárénnslismála, auk þess sem virkni hennar er skert að því leyti að þegar sjávarhæð á flóði fer yfir 4 metra markið hættir að renna niður úr sturtubotni og salerni hússins. Umbætur verða því ekki umflúnar og ekki er valkostur fyrir okkur að bíða þar til heildarendurbætur á frárénnslismálum á Álftanesi hafa verið gerðar.

Í samtölum við bæjarverkfræðing hefur komið fram að til greina komi að gera bráðabirgðaúrbætur á frárénnslismálum hjá okkur í ljósi þess hvert ástandið er, þó þannig að þær framkvæmdir sem ráðist yrði í myndu nýtast inn í þær heildarendurbætur sem fyrirhugaðar eru á svæðinu. Bráðabirgðaúrbætur myndu felast í því að koma fyrir nútímalegri safnþró, annað hvort fyrir okkar hús eitt sér eða e.t.v. fyrir fleiri hús í götunni, sé það talið hagkvæmt. Slík þró myndi síðar tengjast kerfi sem tæki við því hlutverki að flytja skólp brott af svæðinu en yrði þangað til tæmd með reglubundnu millibili. Samskonar fyrirkomulag mun hafa verið viðhaft við nýbyggingar á stöðum í Garðabæ sem ekki hafa þegar verið tengdir frárénnslskerfi, t.d. í Þrýðibygð (Lyngprýði, Hraunprýði o.s.frv.).

Rökstuðningur:

Þörf fyrir endurbætur er brýn, bæði vegna þess að núverandi fyrirkomulag er farið að skerða lífsgæði fjölskyldunnar og einnig vegna þess að rennsli yfirfalls úr núverandi þró til sjávar er engan vegin í samræmi við nútímakröfur til umhverfisverndar. Því er ekki valkostur fyrir okkur að biðja eftir því að heldar endurbætur verði gerðar á stærra svæði en að sama skapi þykir okkur óeðlilegt að þurfa að ráðast í miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir alfarið á eigin kostnað sem svo verða úrehtar um leið og sveitarfélagið ræðst nauðsynlegt verkefni sem komið er á áætlun.

Við óskum því eindregið eftir því að bæjarráð Garðabæjar fallist á beiðni okkar, hvort sem niðurstaðan yrði lausn fyrir okkar hús eitt sér eða fyrir fleiri hús í götunni.

Virðingarfyllt,



Guðmundur Birgisson

160767-3409

S: 844 4675

gkb@isb.is